

Umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi

Samantekt á niðurstöðum verkefnisins:
Hvað er umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi?



GRÆNNI
BYGGÐ
GREEN BUILDING
COUNCIL ICELAND



Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	5	8	ORKUNÝTING OG STÝRING	15
2	SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM	6	8.1	Niðurstöður vinnustofu	15
2.1	Umbun og fjárhagslegir hvatar	6	8.1.1	Einangrunargildi í ytra birði	15
2.2	Byggingarúrgangur	6	8.1.2	Orkuútreikningar	15
2.3	Efnisnotkun	7	8.1.3	Loftræstikerfi	15
3	VISTVOTTUNARKERFI Í NOTKUN FYRIR ÍSLENSKAR BYGGINGAR	9	8.1.4	Mælingar á orkunotkun og sýnileika fyrir notenda	15
4	LÓÐAMÁL OG VISTVÆNAR SAMGÖNGUR	10	8.1.5	Orkunýtin rafmagnstæki og heitavatnstæki	15
4.1	Niðurstöður vinnustofu	10	8.1.6	Lýsing	15
4.1.1	Staðaval / Lóðaval	10	8.1.7	Þéttleikapróf	15
4.1.2	Skipulag lóðar	10	8.1.8	Orkunýtin kælikerfi/frystikerfi	15
4.1.3	Vistvænar samgöngur	10	8.1.9	Orkugjafi / Orkuframleiðsla	15
4.1.4	Vistfræði lóðar	10	9	RÝMISNÝTNI OG SVEIGJANLEIKI	17
5	EFNISNOTKUN	11	9.1	Niðurstöður Vinnustofu	17
5.1	Niðurstöður vinnustofu	11	9.1.1	Áhrif sveigjanleika í rýmisnýtingu á vistvæni bygginga og umhverfis	17
5.1.1	Umhverfisáhrif á líftíma byggingar	11	9.1.2	Hvernig geta íslenskar skipulags- og byggingarreglugerðir hvatt til betri rýmisnýtingar og sveigjanleika?	17
5.1.2	Hannað til að endast	11	9.1.3	Eiga íslenskar skipulags- og byggingarreglugerðir að hvetja til betri rýmisnýtingar og sveigjanleika?	17
5.1.3	Nýting byggingarefna	11	9.1.4	Áherslur íslenskrar byggingarreglugerðar og skipulagsreglugerðar á sveigjanleika í rýmisnýtingu	17
6	INNIVIST	12	9.1.5	BREEAM	17
6.1	Niðurstöður vinnustofu	12	10	HEIMILDIR	18
6.1.1	Hljóðvist	12			
6.1.2	Dagsbirta & Lýsing	12			
6.1.3	Innivist (loftgæði)	12			
7	ÚRGANGUR	13			
7.1	Niðurstöður vinnustofu	13			
7.1.1	Flokkun byggingarúrgangs	13			
7.1.2	Aðstaða til flokkunar (á rekstartíma)	13			
7.1.3	Leiðir til að draga úr myndun byggingarúrgang/hanna út úrgang/hringrásarhagkerfið	13			
7.1.4	Endurvinnsla/endurnýting/endurnotkun á byggingarefnum	13			



1 Inngangur

Til þess að draga úr umhverfisáhrifum frá byggingariðnaði þarf að skerpa á umhverfiskröfum til byggingariðnaðarins. Hvernig gerum við það? Eru kröfur byggingarreglugerðar í dag nægjanlegar til þess að byggingin geti kallast umhverfisvæn/vistvæn? Hvernig eru kröfurnar í byggingarreglugerð miðað við kröfur í vistvottunarkerfum? Það eru tvö vistvottunarkerfi fyrir byggingar sem notuð hafa verið hingað til á Íslandi: BREEAM vottunarkerfið og Svanurinn.

Ekkert vistvottunarkerfi hefur verið próað sérstaklega fyrir Ísland né hefur farið fram aðlögun alþjóðlegra vottunarkerfa. Í þessu verkefni var markmiðið að kortleggja helstu málaflokka þeirra umhverfisvottunarkerfa sem notuð hafa verið á Íslandi, t.d. orkunotkun bygginga, notkun byggingarefna og úrgangsmál; kanna hvaða kröfur eru gerðar í þessum málaflokkum í vottunarkerfunum og í byggingarreglugerð. Einnig að skoða hvort um er að ræða sér íslenskar aðstæður varðandi ákveðna málaflokka.

Grænni byggð sótti um 3,5 milljónir í styrk í verkefnið: Umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi í nóvember 2017 til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Ráðuneytið samþykkti þann 26. mars 2018 að veita verkefninu 1,5 milljónir í styrk. Grænni byggð þakkar Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu kærlega fyrir veittan styrk. Verkefnisumsóknin var unnin af verkefnahóp Grænni byggðar um vottunarkerfi.

Í verkefnahóp verkefnisins voru eftirfarandi:

- Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir, orku- og umhverfisverkfræðingur, Grænni byggð
- Elín Vignisdóttir, landfræðingur, Verkís
- Gyða Mjöll Ingólfsdóttir, umhverfisverkfræðingur, EFLA
- Sandra Rán Ásgrímsdóttir, sjálfbærniverkfræðingur, Mannvit
- Anna Sigríður Jóhannsdóttir, arkitekt, VA arkitektar

Einnig komu Ólöf Kristjánsdóttir, samgönguverkfræðingur hjá Mannvit og Guðrún Lilja Kristinsdóttir hjá Umhverfisstofnun að verkefninu.

Verkefnahópurinn vann að undirbúningi að opinni vinnustofu um málefnið: Hvað er umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi? sem haldinn var þann 6. september 2018 þar sem allir voru velkomnir. Helstu niðurstöður verkefnisins og vinnustofunnar voru svo kynntar á morgunfundi hjá Grænni byggð 22. nóvember 2018, og er sú kynning aðgengileg á heimasíðu Grænni byggðar, hér: www.graennibyggd.is/ahugavert-fraedsluefni. Öllum þátttakendum vinnustofunnar er þakkað kærlega fyrir sitt framlag og er listi yfir skráða þátttakendur í viðhengi A.

Í þessari skýrslu eru tekin saman ákvæði úr byggingarreglugerð og helstu kröfur í BREEAM vottunarkerfinu og Svaninum er varða valda málaflokka og metið hvort um sé að ræða sér-íslenskar aðstæður eða ekki. Þeir málaflokkar sem teknir voru til skoðunar voru:

- Lóðamál og vistvænar samgöngur
- Efnisnotkun
- Innivist
- Úrgangur
- Orkunotkun og stýring
- Rýmisnýtni og sveigjanleiki

Lagðar eru fram tillögur að hvaða þáttum/kröfum/viðmiðum þarf að taka tillit til í þessum málaflokkum til þess að byggingin geti kallast umhverfisvæn í íslensku samhengi. Einnig eru settar fram tillögur að aðgerðum sem vinna þarf að til að íslenskur byggingariðnaður verði sjálfbærari og þær hindranir sem þarf að yfirstíga dregnar fram.

2 Samantekt á niðurstöðum

Niðurstöður verkefnisins eru að umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi er, umfram allt, að mestu lík umhverfisvænni byggingu í nágrannalöndum okkar. Nánast allar kröfurnar í erlendum vottunarkerfum eiga við á Íslandi, þetta á sérstaklega við um lóðanotkun og vistvænar samgöngur, efnisnotkun, innivist, úrgangsmál og rýmisnotkun og sveigjanleika. Orkunotkun er séríslensk og kröfur um orkunýtni og orkuframleiðslu eiga síður við hér á landi en aðrar kröfur. Það eru þó niðurstöður verkefnisins að orkusóun eigi ekki að eiga sér stað í umhverfisvænni byggingu (og almennt ekki í byggingum), þó að orkan sem notuð er, sé endurnýjanleg. Það er einfaldlega aldrei umhverfisvænt að sóa.

Það er almenn niðurstaða verkefnisins að margt myndi fara á betri veg í íslenskum byggingariðnaði ef að byggingarreglugerð væri framfylgt í einu og öllu. Í byggingarreglugerð eru margar ábendingar varðandi umhverfismál almennt, efnisnotkun, innivist, úrgangsmál og orkunýtni en eftir henni er ekki alltaf farið og það skortir oft eftirlit með því hvort að henni sé framfylgt eða ekki.

Ein stærsta hindrun er varðar sjálfbærni í byggingariðnaðinum hérlandis er að stór hluti þeirra sem eru að byggja munu í framhaldinu selja bygginguna, en ekki eiga hana og reka sjálfir. Þetta getur valdið því að verkkaupi og verktaki velji ódýrustu lausnina, þ.e. sú sem er ódýrust á framkvæmdatíma, og ekki er horft til alls líftíma byggingarinnar.

Þetta verkefni hefur aðeins stiklað á stóru varðandi viðamikil fagsvið og þörf er á að kafa mun dýpra ofan í hvert þeirra fyrir sig og skoða nánar hvernig hægt er þróa viðmið fyrir umhverfisvænar íslenskar byggingar og að aðlagða viðmið og vægi krafna að íslenskum aðstæðum.

Almennt:

- Að það verði ódýrara að velja lausnir sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið og öfugt (dýrara að hafa neikvæð áhrif á umhverfið)
- Skýrari kröfur þarf um vistvæni í deiliskipulagi
- Meiri sveigjanleiki þyrfti í byggingarreglugerð þannig að við endurgerð húss eða endurnýtingu byggingarluta/ byggingarefna sé hægt að veita undanþágur ef hægt er að sýna fram á umhverfisávinning.
- Bæta inn í byggingareglugerð að hugað sé að því að nýta áður notað land.
- Reglur um fjarlægð milli húsa, til að stuðla að nýtingu dagsbirtu. Ef byggt er of þétt getur það takmarkað dagsbirtu inn í byggingu. Til að stuðla að betri dagsbirtu- hönnun væri kostu að engja betur hönnun bygginga og skipulags.
- Fá verktaka snemma inn í byggingarferlið til þess að tryggja gott faglegt samtal frá upphafi hönnunar til framkvæmdar.

Rekstur bygginga:

- Skýrsla um viðhaldssögu ætti að fylgja byggingum.
- Notendahandbók húseiganda ætti að vera til í fjölbýlishúsum og stærri byggingum.

- Gera að skyldu að framkvæma ástandsskoðanir húsa þegar verið er að selja húsnæði.

2.1 Umbun og fjárhagslegir hvatar

- Koma þarf upp hvetjandi kerfi fyrir byggingar með vistvottanir eða byggingar sem uppfylla ákveðin viðmið varðandi umhverfismál, í einhvern tíma, t.d. í formi
 - Skattaafsláttar (lægri fasteignagjöld, gatnagerðargjöld og fl.).
 - Niðurgreiðslu.
 - Endurgreiðslu.
- Ívilnanir þurfa að ná til byggingaraðila, hönnuða, eigenda og rekstraraðila bygginga.
- Veita verðlaun fyrir byggingar þar sem vel hefur verið staðið að umhverfismálum.
- Það þarf að vera fjárhagslega hagkvæmt að skila inn flokkuðum úrgangi frekar en að henda óflokkað.
- Það þarf að gera það fjárhagslega hagkvæmt að endurnýta byggingarefni.

2.2 Byggingarúrgangur

- Við niðurrif bygginga skal gera kröfur um úttekt á byggingunni áður en hún er tekin í sundur. Í slíkri úttekt væru efni magntekin, þ.e. áætlað hvaða efni og í hvaða magni þau myndast við niðurrif. Þannig væri hægt að safna saman upplýsingum um hvaða efni er hægt að nálgast til endurnotkunar fyrir aðra framkvæmdaaðila. Eins kæmi þá fram í slíkri úttekt hvort spilliefni séu til staðar sem þá þarf að fjarlægja með viðunandi hætti og taka afstöðu til með hvaða hætti er staðið að förgun. Áður en niðurrif hefst er þá hægt að ákvarða magn efna til endurnotkunar, endurvinnslu og förgunar og ákveða viðeigandi meðhöndlun úrgangs og spilliefna.
- Samræma þarf reglur milli sveitarfélaga varðandi úrgangsmál. Þ.e. samræma úrgangsstrauma og reglur um flokkun yfir landið. Þetta er að einhverju leiti gert í lögum um úrgang. Þar eru helstu flokkarnir: plast, pappír, málmur, gler, o.fl. En lögin eru orðuð of veikt, einungis sagt „flokka ber.. ef það er umhverfislega hagkvæmt“.
- Sveitarfélög ættu að setja fram kröfur er varða umgengni á verkstað varðandi t.d. úrgangsflokkun og önnur umhverfismál.
- Efnisveitur
 - koma þarf upp efnisveitum þar sem verktakar geta á auðveldan hátt nálgast notuð byggingarefni
 - kominn er vísir að slíkum efnisveitum, t.d. Auðlindatorg Umhverfisstofnunar og Efnismiðlun Góða hirðisins, en það er mjög smátt í sniðum og fer hægt af stað. E.t.v. þarf að vekja athygli fólks á þeim efnisveitum. T.d. er hægt að óska eftir hlutum/hráefnum á Auðlindatorgi.
 - Mögulega þarf að huga að sameiginlegum geymslum þar sem geyma má efni um einhvern tíma þar sem e.t.v. fæst ekki kaupandi að efninu strax

- Bæta þarf eftirfylgni við flokkun byggingarúrgangs. Innviðir eru til staðar og kröfur í byggingarreglugerð en ekki er alltaf verið að framfylgja því.

2.3 Efnisnotkun

- Við hönnun skal horfa til alls líftíma byggingarinnar til þess að valin séu vistvæn og endingargóð byggingarefni. Nota skal vistferilsgreiningar (Life Cycle Assessment, LCA) og lífsferilskostnaðargreingar (Life Cycle Costing, LCC) og skoða þannig áhrif á líftíma, bæði á kostnað og umhverfismál. Svara þarf spurningunni hvort það sé fjárhagslega hagkvæmt að velja endingarbetri og umhverfisvottuð byggingarefni í upphafi og þannig draga úr viðhaldi og endurnýjunarþörf.
- Gera þarf loftþéttimælingar og hitamyndanir til að tryggja að frágangur sé í lagi. Þetta hefur mikil áhrif á endingu byggingarefna og byggingarinnar.
- Það vantar einfaldar leiðbeiningar til almennings og verk-taka um vistvænt efnisval með upplýsingagjöf um góð dæmi, leiðbeiningar í dag eru óskýrar.
- Það þarf vitundarvakningu um endurnotkun byggingarefna.
 - leiðbeiningar hvernig má gera/bera sig að.
 - Koma á framfæri hugmyndum.
- Bæta þarf fræðslu í iðnnámi um sjálfbærni/umhverfismál, t.d. um val á byggingarefnum og þau mismunandi umhverfisáhrif sem ólík efni hafa.
- Vanda þarf val á byggingarefnum og vinnulagið þar sem hlutir sem eru „leystir á verkstað“ eru ekki ásættanlegir. Vanda þarf val á efnum og velja byggingaefni með ákveðna eiginleika fyrirfram, þannig má koma í veg fyrir að valið sé óvandað efni.
- Koma þarf upp banka/upplýsingagátt þar sem auðvelt er að bera saman umhverfisáhrif byggingarefna. T.d. úrgang (hversu mikill úrgangur myndast, er hægt að aðskilja frá öðrum byggingarefnum, er hægt að endurnota/endurvinna efnið).

- Í þarfagreiningu þarf að skoða hversu lengi á mannvirkið að endast og haga vali á byggingarefnum í samræmi við það.
- Til að bæta notkun á byggingarefnum þarf að huga að möguleikum á sveigjanlegri nýtingu bygginga strax við hönnun þeirra. Bæta þarf kröfur og leiðbeiningar um sveigjanleika.

Hindranir


- Skortur á fræðslu og að söluaðilar byggingarefna geti afhent upplýsingar er varða umhverfisáhrif þeirra efna sem eru til sölu, t.d. umhverfisfirlýsingar (Environmental Product Declarations, EPD).
- Endurnýting er of dýr / Förgun er oft ódýrari en endurnýting. Oft þarf mannskap til að vinna efnið, gera það hæft til endurnotkunar og vinnuafli er oft dýrt.
- Við endurnýtingu þarf einnig að tryggja að ekki sé verið að nota skemmt byggingarefni aftur, í dag er enginn aðili sem metur ástand byggingarefna.
- Lausnir þurfa að vera í boði fyrir einstaklinga sem eru að byggja t.d. eigið íbúðarhúsnæði. Ekki er á færi allra að gera fulla vistferilsgreiningu á byggingum, þar sem kaupa þarf sérfræðiþekkingu fyrir gerð slíkra greininga. Á næstu árum munu einfaldari töl til útreikninga liggja fyrir sem munu gera slíkar greiningar mun aðgengilegri. Einstaklingar hafa engu að síður tækifæri í dag til að velja byggingarefni sem eru umhverfisvottuð, t.d. með Svaninum eða Evrópska blóminu, en slíkar vottanir byggja m.a. á vistferilsgreiningum.
- Þekkingarleysi - fólk veit oft ekki betur, þekkir ekki umhverfisfirlýsingar fyrir vörur (EPD blöð) eða umhverfisvottanir.
- Umhverfisvottuð efni eru ekki mjög sýnileg í búðum en þau þarf að gera sýnilegri.



3 Vistvottunarkerfi í notkun á Íslandi

Á Íslandi hafa tvö vistvottunarkerfi verið notuð til þess að votta byggingar og svæði. Það er BREEAM vottunarkerfið (breeam.com) og Svanurinn (svanurinn.is). Í þessari skýrslu er ekki farið í nákvæma lýsingu á þessum vottunarkerfum, heldur einungis tekið fyrir það helsta í hverjum málaflokki. Fyrir nánari upplýsingar um vottunarkerfin er vísað á heimasíður vottunarkerfanna (hér að ofan) en þar má finna tæknilegar skýrslur um viðmið og kröfur. Einnig má finna upplýsingar um BREEAM í skýrslu Grænni byggðar (Vistbyggðarráðs) frá 2013, Vistvottunarkerfi fyrir byggingar.

BREEAM stendur fyrir British Research Establishment Environmental Assessment Method og var upprunalega þróað og notað í Bretlandi. Nokkur Evrópulönd hafa aðlaga kerfið að eigin aðstæðum t.d. Þjóðverjar, Norðmenn og Svíar. Ísland hefur ekki aðlagað kröfur kerfisins, en vægi mismunandi umhverfisþátta hefur verið aðlagað og sett í íslenskt samhengi. Á mynd 1 má sjá mynd af umhverfisþáttum og vægi þeirra fyrir íslenskar aðstæður skv. vottunarkerfinu BREEAM International New Construction 2016.



Mynd 1. Breeam-vægi fyrir mismunandi umhverfisþætti.

Hér á landi hafa eftirfarandi byggingarfengið BREEAM vottun:

- Snæfellsstofa, hönnunar og framkvæmdarferlið
- Endurbætur á skrifstofu EFLU, Höfðabakki 9, hönnunar og framkvæmdarferlið
- Náttúrufræðistofnun, hönnunar og framkvæmdarferlið
- Sundhöll Reykjavíkur, hönnunarferlið
- Fangelsið á Hólmsheiði, hönnunarferlið
- Sjúkrahótel Nýs Landspítala, hönnunarferlið
- Hakið, hönnunarferlið
- Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, hönnunarferlið

TAFLA 1

BREEAM-vottunareinkunn eftir stigagjöf – %

BREEAM Rating	% score
OUTSTANDING	≥ 85
EXCELLENT	≥ 70
VERY GOOD	≥ 55
GOOD	≥ 45
PASS	≥ 30
UNCLASSIFIED	< 30

Í töflu 1 hér að ofan má sjá BREEAM vottunareinkunnir sem gefnar eru eftir fjölda stiga sem fást við að uppfylla viðmið og kröfur kerfisins. Flestar byggingar hér á landi hafa fengið very good eða good einkunnir, en Sjúkrahótelíð hefur nýlega fengið Excellent einkunn fyrir nýbygginguna sína á vegum Framkvæmdasýslu ríkisins.

Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna og uppfyllir alþjóðlega staðalinn ISO 14024 (umhverfismerki af típu I). Til þess að vara eða þjónusta geti hlotið Svansvottun verður Norræna umhverfismerkjanefndin að hafa mótað kröfur fyrir viðkomandi vöru- eða þjónustuflokk. Viðmið Svansins fyrir nýbyggingar voru tekin í notkun árið 2003 og er í dag hægt að votta einbýlis-, par- og raðhús, fjölbýlishús, leik- og grunnskólabyggingar, þjónustuíbúðir fyrir aldraða og sumar-bústaði. Árið 2017 voru svo tekin í notkun viðmið Svansins fyrir endurbætur húsnæðis og var skrifstofuhúsnæði bætt við þau viðmið.

Til að nýbygging uppfylli Svansvottun þarf að uppfylla allar skyldukröfur staðalsins og auk þess uppfylla lágmarks stiga-kröfu sem er mismunandi milli tegunda húsnæðis.

Umfangsmestu þættirnir í viðmiðapróun Svansins eru eftirfarandi:

- Kröfur um innihald skaðlegra efna í bygginga- og efnavöru
- Hagkvæm orkunotkun
- Tryggja góða innivist og lágmarka losun óæskilegra efna
- Tryggja gæði í byggingarferlinu

Fyrir þær byggingar sem hafa fengið vottun eða eru í Svansvottunarferli hérlandis, hafa þær kröfur þar sem taka þarf tillit til séríslenskra aðstæðna verið aðlagðar fyrir Ísland.

Eftirfarandi verkefni eru í vottunarferli skv. Svaninum:

- Einbýlishús, Brekkugötu 2, Urriðaholti (vottun frá 2017).
- Fjölbýlishús, Urriðaholtsstræti 10–12, Urriðaholti (vottun mars 2019).
- Endurbætur skrifstofuhúsnæðis Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24.

4 Lóðamál og vistvænar samgöngur

Málaflokkurinn lóðamál og vistvænar samgöngur var í höndum Ólafar Kristjánsdóttur og Elínar Vignisdóttur. Í töflu 2 í viðhengi má sjá undirbúning fyrir vinnustofu varðandi lóðamál og vistvænar samgöngur, þar sem tekin er staðan á byggingarreglugerð, Svaninum og BREEAM fyrir þennan málaflokk.



Mynd 2. Úlfarsárdsalur, þróun þjónustuvæðis, Reykjavíkurborg, VA-Arkitektar. Byggingarnar eru í Breeam vottunarferli.

4.1 Niðurstöður vinnustofu

Hópurinn mat það svo að varðandi lóðaval og vistfræði lóðar væru ekki til staðar séríslenskar aðstæður og þau atriði sem tekin voru til umfjöllunar ættu öll við hérlandis.

Hér að neðan er svo samantekt á þeim kröfum sem þarf að huga að til þess að byggingin geti falið undis skilgreiningu um umhverfisvæna byggingu.

4.1.1 Staðaval / Lóðaval

- Huga að því að velja áður notað land, m.a. til að nýta innviði og draga úr raski.
- Hreinsa mengun úr jarðvegi þar sem jarðvegsmengun er til staðar – á vistvænan hátt (þar sem hægt er).
- Efnisflutningar
 - Ætti að nýta á staðnum eða sem næst honum.
 - Gera áætlun fyrir fram um hvaða efni er hægt að nýta úr lóðinni.
 - Tengja við aðrar framkvæmdir þannig að nota megji efni úr lóðinni í nálægum framkvæmdum og öfugt.

4.1.2 Skipulag lóðar

- Huga að aðgengi að vistvænum samgöngum.
 - Tenging við umlykjandi hjólastíga mikilvæg.
 - Kanna möguleika á samnýtingu bílastæða.
- Athuga staðsetningu bílastæða innan lóðar.
 - Tryggja að þau hindri ekki gangandi og hjólandi vegfarendur.
 - Gæta þess að staðsetning þeirra lengi ekki gönguvegalengd að strætóbiðstöð.
- Fagleg hönnun varðandi birtu og skjól.
- Huga þarf að hljóðvist innan lóðarinnar.
- Hanna lýsingu til þess komast hjá ljósmengun.
 - T.d. mætti nota LED skynjara.
 - Stillanleg lýsing.
 - Útlýsing sem beinist niður.
 - Mikilvægt að huga að tegund lýsingar.
- Algild hönnun og aðgengismál mikilvæg.
- Sameiginleg rými – Félagssvæði.
 - Leiksvæði og útsvæði séu hönnuð þannig að þau eflí útiveru og njóti skjóls og birtu.

4.1.3 Vistvænar samgöngur

- Meta kosti og galla þess að hafa bílastæði / bílskúr / bílastæðakjallara / takmörkun á bílastæðum.
- Tryggja élagsleg samskipti, t.d. hanna gönguleiðir sem hvetja til samskipta.
- Vistvænar samskiptaleiðir, t.d. deilihjól / deilibílaflúbbur.
- Setja upp tengingar fyrir rafmagnsbíla.
- Gera kröfur um hjólastæði í hönnunarferli – velja vel. staðsetningu á hjólastæði / skýli.

4.1.4 Vistfræði lóðar

- Nýta blágrænar regnregnvatnslausnir á lóð
 - Dregur úr flóðahættu.
 - Viðheldur lífkerfi.
- Náttúrulegra og fjölbreyttara umhverfi stuðlar að betri upplifun
- Setja kröfur um að vistkerfum lóðar sé viðhaldið, en helst aukalífrræðilegan fjölbreytileika lóðar.
- Matjurtagarðar eða aðgengi að þeim.

5 Efnisnotkun

Vinnu við efnisnotkun var stýrt af Gyðu Mjöll Ingólfssdóttur. Undirbúningur vinnustofu með samantekt á ákvæðum byggingarreglugerðar og kröfum úr Svaninum og BREEAM má sjá í töflu 3 í viðhengi.

5.1 Niðurstöður vinnustofu

Stærstur hluti byggingarefna sem notuð eru hérlandis eru innflutt. Ekki er því talið að aðrar kröfur gildi hérlandis um efnisflokkinn hvað varðar umhverfisáhrif. Flokkurinn í heild sinni var því metinn mikilvægur í íslensku samhengi af öllum þátttakendum vinnustofunnar.



Mynd 3. Vistferill bygginga. Mynd frá EFLU Verkfræðistofu.

5.1.1 Umhverfisáhrif á líftíma byggingar

- Gera þarf vistferilsgreiningar fyrir byggingar og nýta þær til að lágmarka umhverfisáhrif bygginga á vistferli hennar, þ.e. vishönnun (e. Eco-design).
- Nota ætti endurnýtanleg eða endurunnin byggingarefni eins og kostur er.
- Hanna ætti byggingar þannig að við niðurrif sé mögulegt að endurnota eða endurvinnna byggingarefnin.

- Helstu byggingarefni skulu koma frá ábyrgum uppruna. Sýna þarf fram á ábyrgan uppruna með viðurkenndu kerfi framleiðanda byggingarefna sem vottað er af þriðja aðila. T.d. umhverfisstjórnunarkerfi (ISO14001, EMAS) og sjálfbærnivottanir (FSC, PEFC).
- Velja byggingarefni þar sem framleiðandi hefur gefið út vottaða umhverfisyfirlýsingu (verified Environmental Product Declaration, EPD) fyrir vöruna.
- Sýna þarf fram á ábyrgan uppruna með viðurkenndu kerfi sem vottað er af þriðja aðila. T.d. umhverfisstjórnunarkerfi (ISO14001, EMAS) og sjálfbærnivottanir (FSC, PEFC).
- Nota umhverfisvottaðarvörur þar sem það er hægt. Tryggja þarf að notast sé við áreiðanleg umhverfismerki í samræmi við ISO 14024 um týpu 1 umhverfismerki.

5.1.2 Hannað til að endast

- Nota skal vistferilsgreiningar (LCA) og líftímakostnaðargreiningar (LCC) og skoða þannig áhrif á líftíma, bæði á kostnað og umhverfismál. Svara þarf spurningunni hvort að það kosti aukalega að velja endingarbetri byggingarefni.
- Gera ætti þarfagreiningu þar sem skoðað er hversu lengi mannvirkið á að endast og haga vali á byggingarefnum í samræmi. Hér koma einnig inn þættir líkt og sveigjanleiki.
- Hanna ætti bygginguna þannig að dregið er úr líkum á skemmdum og að valin séu efni sem síður þarf að viðhalda og/eða skipta út. Þá sé litið til þess að umhverfisþættir sem geta haft áhrif á hnignun efna séu metnir og byggingarefni valin í samræmi.

5.1.3 Nýting byggingarefna

- Halda úrgangi í lágmarki s.s. afgangum, ónýttu byggingarefni eða byggingarhlutum.

6 Innivist

Vinnu við innivist var stýrt af Söndru Rán Ásgrímsdóttir. Undirbúningur vinnustofu með samantekt á ákvæðum byggingareglugerðar og kröfur úr Svaninum og BREEAM má sjá í töflu 3 í viðhengi.

6.1 Niðurstöður vinnustofu

Íslendingar eyða stórum hluta lífs síns innandyrna og því er góð innivist gríðarlega mikilvæg í íslenskum byggingum. Innivist var því alls ekki talin síður mikilvæg hérlandis en erlendis af þátttakendum vinnustofunnar. Þá kom fram meðal þátttakenda vinnustofu að byggingareglugerð væri góð í marga staði og ef henni væri fylgt væri strax hægt að ná ákveðnum árangri.

Hér að neðan er að sjá nánari niðurstöður vinnunnar sem skipt var upp í hljóðvist, dagsbirtu, lýsingu og innivist (loftgæði).

6.1.1 Hljóðvist

- Fylgja hljóðvistarkröfum í byggingareglugerð.
- Að hljóðvistarsérfræðingur sitji hönnunarfundi.
- Hljóðvist sé tryggð með eftirfylgni/mælingum að framkvæmdum loknum.

6.1.2 Dagsbirta & Lýsing

- Lágmarka glýju.
- Dagsbirtuútreikningar séu gerðir yfir allt árið, eftir árstíðum.
- Meta dagsbirtu á hönnunarstigi.

- Nota hreyfiskynjara til að tryggja að slökkt sé á ljósum (þar sem við á).
- Mikilvægt að notandi geti sjálfur stillt lýsingu eftir sínum persónulegu þörfum.
- Reikna ætti dagsbirtu á starfsstöðvum, lágmarks DF%.
- Útsýni skiptir miklu máli til að skapa tengingu við útisvæði, fólk og umhverfi.
- Huga að því að hafa a.m.k. 2 glugga hliðar, engar kröfur um það í dag.
- Ætti að vera krafa um dýpt rýmis. T.d. er ekki gott ef að ákveðinn hópur lendir í svartholi inni í miðju rými.

6.1.3 Innivist (loftgæði)

- Huga að efnisvali (helst umhverfisvottuð efni).
- Huga að byggingaeðlisfræði við hönnun (raka- og varmaflæði).
- Huga að hitaálagi frá t.d. sól og áhrif þess á innivist.
- Áætlun, hönnun og rekstur loftræstikerfis er mikilvæg.
- Mikilvægt er að tryggja varmaendurvinnslu í loftræstikerfi.
- Regluleg loftun skiptir miklu máli upp á loftgæði.
- Framkvæma ætti loftþéttleikamælingar.

Grænni byggð (Vistbyggðarráð) hefur gert bæklinginn Híbýli og Heilsa, heilsufarsleg áhrif bygginga og ávinningur vistvænna bygginga, 2017, þar sem farið er inn á ýmsa þætti sem snúa að innivist.

7 Úrgangur

Vinnu varðandi úrgangsmál var stýrt af Elínu Vignisdóttur. Undirbúning vinnustofu með samantekt á ákvæðum byggingarreglugerðar og kröfum í Svaninum og BREEAM má sjá í töflu 4 í viðhengi. Ekki náðist að fara yfir spilliefni í þessu verkefni nema að mjög takmörkuðu leiti.

7.1 Niðurstöður vinnustofu

Flokkun úrgangs og að draga úr magni hans var metið af hópnum að ætti almennt við á Íslandi sem og annarsstaðar. Það sama á við um aðgerðir til að endurvinna og endurnýta betur það hráefni sem er til staðar í byggingum í dag. Margar kröfur sem snúa að flokkun úrgangs og endurnýtingu byggingarefna eru í núverandi byggingarreglugerð og innviðir til staðar, en kröfunum er lítið framfylgt. Þá þarf að gera breytingar í kerfinu svo það sé hvetjandi að endurnýta og endurnota.

7.1.1 Flokkun byggingarúrgangs

- Gera ætti áætlun um meðhöndlun byggingar- og niðurrifsúrgangs við upphaf framkvæmda. Með slíkri áætlun má t.d. greina í niðurrifsverkefni hvort spilliefni séu til staðar þannig að haga þurfi niðurrifi að teknu tilliti til þess (t.d. asbest). Þá er hægt að áætla heildarmagn og ákveða viðeigandi meðhöndlun þeirra úrgangs- og spilliefna sem myndast áður en niðurrif hefst.
- Flokka skal allan byggingarúrgang og spilliefni. Flokkun á verkstað fylgi að lágmarki þeirri flokkun sem er í sveitarfélaginu.
- Fylgja flokkun byggingarúrgangs eftir í eftirliti.
- Halda jarðvegsefnum aðskildum og leitast við að, nota þau á svæðinu.
 - Hér mætti nota Auðlindatorg (vefsíða á vegum Umhverfisstofnunar) til að auglýsa jarðefni sem einhver annar getur nýtt.

7.1.2 Aðstaða til flokkunar (á rekstrartíma)

- Gera ráð fyrir rými fyrir flokkun úrgangs innandyrar.
- Gera kröfu um flokkunartunnur við sérþýli.
- Í fjölbýli verði meiri sveigjanleiki hvernig þú getur losað þig við flokkaðan úrgang, s.s. 3 tunnur fyrir utan, nota grenndargáma, djúpgáma eða fara með sjálfur á endurvinnslustöð.
- Að lágmarki þarf að tryggja sama aðgengi fyrir alla úrgangsflokka (t.d. að það sé jafnlangt að ganga á grenndarstöðvar fyrir mismunandi úrgangsflokka).
- Frágangur á tunnum og tunnusvæðum:
 - Sé nálægt lóðamörkum.
 - Sé snyrtilegur og lokað þannig að rusl fjúki ekki.
 - Nægjanlegt rými fyrir ílát fyrir alla úrgangsflokka.
- Sörpgeymslur séu hannaðar með tilliti til mikils ágangs, járn sé yfir þröskulda til að auðvelda að sækja tunnur og horf sé til aðgengis, m.a. mt.t. snjós.

- Stærð sörpgeymslu sé í samræmi við fjölda íbúða.

- við breytingar á húsnæði sé skoðað hvernig magn og samsetning breytist.

7.1.3 Leiðir til að draga úr myndun byggingarúrgang/hanna út úrgang/hringrásarhagkerfið

- Velja endingargóð og viðhaldsfri efni.
- Setja kröfur um umhverfissvottuð efni.
- Gera vistferilsgreiningar á hönnun/valkostum.
- Krafa um vottaða umhverfisfirlýsingu (verified Environmental Product Declaration, EPD) fyrir byggingarefni og sýna fram á að þau hafi verið notuð.
- Krafa um að hægt sé að aðskilja byggingarhluta þannig að þegar kemur að niðurrifi sé auðveldlega hægt að aðskilja mismunandi efni í sundur og koma þeim í endurvinnslu.
- ☒ Hönnun ætti að vera sveigjanleg. Gera ætti ráð fyrir að nýting geti breyst, t.d. í lagnaleiðum, stærð rýma o.fl.
- Leitast ætti vð að endurnýta byggingar. Við niðurrif ætti að skoða hvort virkilega þurfi að rífa bygginguna og hvort það megi endurnýta hana. Það getur verið hindrun við endurnýtingu bygginga að breytt bygging uppfyllir e.t.v. ekki allar kröfur í byggingarreglugerð. Hér þarf að koma inn meiri sveigjanleiki í byggingarreglugerð vegna endurnýtingar húsa, t.d. að hægt sé að fá undanþágu frá kröfum ef hægt er að sýna fram á að umhverfisávinningur sé meiri.
- Gera ráð fyrir aðstöðu fyrir íbúa til að skiptast á hlutum.
- Gera ráð fyrir aðstöðu til moltugerðar.
- Skoða mætti aðstöðu til garðræktar/ hæsnahalds / borgarbúskapur. Frá heimilum þar sem haldnar eru hænur kemur 28% minna af lífrænum úrgangi.

7.1.4 Endurvinnsla / endurnýting / endurnotkun á byggingarefnum

- Hvetja til endurnýtingar á eldri húsum, ekki bara rífa niður.
- Hvetja til endurnýtingar á byggingarefnum - ekki rætt um ákveðna leið til þess.
 - Verktakar eru nú þegar að selja efni sín á milli.
- Gera áætlun um úrgang þegar verið er að rífa niður byggingar.
 - kortleggja í áætluninni hvað má endurvinna.
 - Þjóða efnin gefins eða til sölu í miðlægum gagnagrunni, t.d. nýta Auðlindatorg.
- Nýta jarðefni á svæðinu / innan lóðar – e.t.v. mætti þessi krafa koma fyrir að t.d. í deiliskipulagi. Jarðefni séu nýtt t.d. til landmótunar.
 - nú þegar er í regluverki að jarðefni verða ekki að úrgangi séu þau nýtt innan lóðar.



8 Orkunýting og -stýring


Vinnu við Orkunotkun og stýringu var stýrt af Þórhildi Fjólu Kristjánsdóttur. Undirbúningur vinnustofu með samantekt á ákvæðum byggingarreglugerðar og kröfum í Svaninum og BREEAM má sjá í töflu 5 í viðhengi.



Mynd 4. Orkumerkingar fyrir byggingar, mynd frá Norges Vassdrags- og energidirektorat.

8.1 Niðurstöður vinnustofu

Almennt var niðurstaðan sú að öll orkusóun sé ekki vistvæn/ umhverfisvæn og því ætti umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi einnig að vera orkunýtin. Á sama tíma var einnig viðurkennt að það eru séríslenskar aðstæður varðandi jarðhita til upphitunar og að Íslendingar eru vanir því að skipta um loft í hýbílum sínum með því að opna glugga, ekki í gegnum loftræstikerfi í minni íbúðarbyggingum. Þrátt fyrir jarðhita sem upphitunarferfi var ekki álitin nein ástæða til þess að draga úr kröfum um orkunýtni fyrir íslenskar byggingar. Norræn viðmið ættu, að minnsta kosti upp að einhverju marki, einnig við á Íslandi. Málaflokkurinn þarf í heild sinni umfangsmeiri rannsóknir og vinnu. Orkumerkingar á byggingum eins og hafa verið innleiddar í nágrannalöndum okkur, hjálpa notendum að velja orkunýtnar byggingar. Bestu einkunn fá byggingar sem eru bæði orkunýtnar og með endurnýjanlega orkugjafa, sjá mynd 5.



Mynd 5.

8.1.1 Einangrunargildi í ytra byrði

Umhverfisvæn bygging ætti að vera betur einangruð en byggingarreglugerð segir til um. Nákvæmlega hversu mikið fer eftir

staðsetningu byggingarinnar. Mælt til að hún sé a.m.k 30–50% betur einangruð enn núverandi reglugerð segir til um.

8.1.2 Orkuútreikningar

Gera orkuútreikninga fyrir alla bygginguna með viðurkenndum orkuforritum af sérfræðingum snemma á hönnunarstigi til þess að fá yfirsýn yfir hvernig mismunandi hönnun byggingarinnar hefur áhrif á orkunotkun byggingarinnar.

8.1.3 Loftræstikerfi

Ekki náðist að kafa ofan í þetta áhugaverða viðfangsefni, en á Íslandi eru séríslenskar aðstæður varðandi venjur og menningu um hvernig staðið er að loftræstingu íbúðarhúsa og einnig varðandi upphitun húsa. Loftræsting og kröfur varðandi loftræstingu og varmanýtni á útsogi eru ekki viðfangsefni þessarar skýrslu og þarfnast nánara samráðs og rannsókna.

8.1.4 Mælingar á orkunotkun og sýnileika fyrir notenda

Gera notendanum grein fyrir notkun sinni á aðgengilegan hátt og mæla orkunotkun í byggingunni.

8.1.5 Orkunýtin rafmagnstæki og heitavatnstæki

Nýtast við orkunýtin heimilistæki (helst A+ eða betra) og að annar tækjabúnaður sé eins nýtin og hægt er.

8.1.6 Lýsing

- Fagleg lýsingarhönnun sem hámarkar nýtingu á dagsbirtu.
- Nota orkunýtin ljósabúnað, t.d. LED.
- Ljósastýring – eða leiðbeiningar til notenda varðandi að slökkva á ljósabúnaði þegar hann er ekki í notkun.

8.1.7 Þéttleikapróf

- Framkvæma loftþéttleikapróf með fagaðilum.

8.1.8 Orkunýtin kælikerfi/frystikerfi

Það náðist ekki að fara ítarlega í þessa umræðu, og málaflokkurinn þarf nánast meiri rannsókn.

8.1.9 Orkugjafi / Orkuframleiðsla

Í Evrópu eiga allar nýjar byggingar eftir 31. desember 2020 að vera svokallaðar núllorkubyggingar samkvæmt reglugerðinni Energy Performance of Buildings Directive (2010). Slíkar byggingar þurfa þá að framleiða árlega sama magn af orku á/við bygginguna sem þær nota yfir árið. Ísland hefur fengið undanþágu gagnvart þessari reglugerð. Í vottunarkerfunum er hægt að fá stig fyrir að vera t.d. með sólarvarmapanels og sólarcellur. Slík orkuframleiðsla á íslenskum byggingum var ekki talin vera nauðsynleg fyrir vistvænar byggingar á Íslandi, a.m.k ekki fyrir byggingar sem tengdar eru inn á landsnet og jarðhitakerfi.

- Engin krafa varðandi orkuframleiðslu á vistvænni byggingu sem nýtir jarðhita og rafmagn frá landsneti.



9 Rýmisnýtni og sveigjanleiki

Vinnu við rýmisnýtni og sveigjanleika var stýrt af Önnu Sigríði Jóhannsdóttur. Undirbúningur vinnustofu með samantekt á ákvæðum byggingarreglugerðar og kröfum í Svaninum og BREEAM má sjá í töflu 7 í viðhengi.

Einnig var spurt á vinnustofunni hvort að íslensk skipulags-ákvæði og reglugerðir væru að hamla endurnýjun og breyttri notkun bygginga.

Í viðmiðunum að Svansvottaðri byggingu var ekki að finna nein ákvæði um fjölnýtingu eða sveigjanleika í byggingum þegar vinna við verkefnið var í gangi.



Mynd 6. Rýmisnotkun. Mynd VA-Arkitektar.

9.1 Niðurstöður vinnustofu

Íslenskt samfélag hefur enga sérstöðu í þessum málaflokki og þarf að takast á við framtíðaráskoranir með aðlögunarhæfni og sveigjanleika. Vistvæn bygging þarf að geta aðlagast sig breyttum aðstæðum í samfélagi framtíðar á hagkvæman og umhverfisvænan hátt með fjölbreyttri rýmisnýtingu og sveigjanleika í bæði rýmisnotkun og tæknilegum lausnum.

9.1.1 Áhrif sveigjanleika í rýmisnýtingu á vistvæni bygginga og umhverfis

- Horft til framtíðar.
- Stuðlar að því að síður verði eytt miklum fjármunum og auðlindum í að rífa niður gamalt og byggja nýtt í örum umbreytingum samfélagsins.
- Auðveldar möguleika á að taka á móti nýrri tækni og nýjum þörfum.
- Huga þarf að því að regluverkið stuðli að því að framtíðarbyggingar og skipulag geti aðlagast nýjum tímum og tæknibreytingum.

9.1.2 Hvernig geta íslenskar skipulags- og byggingarreglugerðir hvatt til betri rýmisnýtingar og sveigjanleika?

- Með fjölbreyttari viðmiðum og möguleikum á sveigjanleika.

- Með því að lýsa frekar viðmiðunum í reglugerð frekar en lágmörkum.
- Draga úr þeirri forræðishyggju sem birtist í reglugerðum sem er jafnvel ekki í takt við aðstæður nútímans og hvetja ekki til framþróunar.
- Innleiða viðmið um sveigjanleika í mismunandi mengi: -hús, -húsabyrping, - hverfi.
- Skráningartafla og eignaskiptasamningar stuðla ekki að sveigjanleika og fjölnýtingu heldur er frekar hindrun til breytinga.
- Samræming reglugerða á Norðurlöndunum gæti stuðlað að mun hagkvæmari lausnum.

9.1.3 Eiga íslenskar skipulags- og byggingarreglugerðir að hvetja til betri rýmisnýtingar og sveigjanleika?

- Samfélagsleg velferð er breytileg og krefst mismunandi úrlausna.
- Samfélagsleg velferð og þægindi móta þörf fyrir ýmsar tegundir bygginga og hefur þannig áhrif á notkun auðlinda og nýtingu fjármagns.
- Íslenskt samfélag eins og önnur þarf að takast á við breyttar áskoranir í umhverfismálum sem krefst aðlögunar núverandi aðstæðna í skipulagi og byggingarmáta. Það þýðir m.a. sveigjanleiki og breytt nýting rýmis.

9.1.4 Áherslur íslenskrar byggingarreglugerðar og skipulagsreglugerðar á sveigjanleika í rýmisnýtingu

